

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 21. janúar 2026.

Mál nr. 851/2025:

Abíll ehf.

(Sveinn Jónatansson lögmaður)

gegn

Orkusölu ehf.

(Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Aðfarargerð.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem vísað var frá dómi kröfum A vegna ákvörðunar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við fyrirtöku á nánar tilgreindri aðfarargerð. Í úrskurði Landsréttar kom fram að aðfararbeiðni O hefði verið tekin fyrir hjá sýslumanninum 28. janúar 2025. A hafði þá greitt kröfu O og með því afstýrt að fjárnám yrði gert. Samkvæmt því kom ekki til þess að aðfarargerð yrði lokið, sem væri skilyrði þess að krefjast mætti úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989. Með vísan til þessa var hinn kærði úrskurður staðfestur.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Jón Höskuldsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 3. desember 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2025 í málinu nr. Y-1715/2025 þar sem vísað var frá dómi kröfum sóknaraðila vegna „ákvörðun[ar] sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við fyrirtöku á aðfarargerð nr. 2024-080600 þann 28. janúar 202[5]“. Um kæruheimild er vísað til 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar „vegna reksturs þessa máls“.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- Aðfararbeiðni varnaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 28. janúar 2025. Sóknaraðili greiddi þá kröfu varnaraðila og afstýrði með því að fjárnám yrði gert. Samkvæmt þessu kom ekki til þess að aðfarargerð yrði lokið sem

er skilyrði þess að krefjast megi úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989. Með vísan til þessa verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

- 5 Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Abíll ehf., greiði varnaraðila, Orkusölunni ehf., 300.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2025

Mál þetta, sem var þingfest 21. maí 2025, barst dóminum 24. mars s.á. og var tekið til úrskurðar 4. nóvember 2025. Sóknaraðili er Abíll ehf., kt. [...], [...], [...], en varnaraðili er Orkusalan ehf., kt. [...], [...], [...].

Samkvæmt kröfu sóknaraðila til dómsins er þess krafist að ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við fyrirtöku á aðfarargerð nr. 2024-080600 þann 28. janúar 2025, „um að gera fjárnám hjá Abíll ehf. að upphæð 128.075 krónur verði felld úr gildi og að kröfu varnaraðila um að fjárnám verði gert hjá sóknaraðila vegna kröfu um greiðslu meints innheimtukostnaðar til varnaraðila verði hafnað“. Þá krefst sóknaraðili greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili greiðslu málskostnaðar.

I

Málsatvik

Ágreiningur málsins lýtur að kaupum sóknaraðila á rafmagni hjá varnaraðila. Vanskil urðu á greiðslum sóknaraðila og í kjölfar þess hóf varnaraðili innheimtu á vangoldnum kröfum. Sendi varnaraðili sóknaraðila fjölda innheimtuviaðvarana og innheimtubréf vegna vanskilanna, þá fyrstu 10. mars 2023 en samtals urðu þær 52. Varnaraðili sendi sóknaraðila greiðsluáskorun, dags. 22. ágúst 2024, en á þeim tíma var ógreidd krafa sóknaraðila samtals 249.435 krónur, þar af var ógreiddur höfuðstóll 157.351 króna. Var greiðsluáskorunin birt fyrirvarsmanni sóknaraðila 10. september s.á. og greiddi sóknaraðili þann 20. s.m. hluta kröfunnar, þ.e. 161.583 krónur, til Lögheimtunnar ehf., eða „með lágmarkskostnaði skv. 12. gr. innheimtulaga eða 950 auk virðisaukaskatts, sbr. reglugerð nr. 37/2009“ eins og það er orðað í greinargerð sóknaraðila til dómsins. Í ljósi umfangs innheimtuaðgerðanna sem staðið höfðu yfir um langan tíma ákvað varnaraðili að krefja sóknaraðila um eftirstöðvar skuldarinnar og var innheimtuaðgerðum því haldið áfram og aðfararbeiðni send til sýslumanns 6. desember 2024 þar sem þess var óskað að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar skuld að fjárhæð 128.075 krónur. Var krafan sundurliðuð þannig:

Höfuðstóll	157.351 kr.
Dráttarvextir til 6.12.2024	29.144 kr.
Kostnaður kröfuhafa fyrir löginnheimtu	4.310 kr.
Innheimtuþóknun	64.932 kr.
Vanskila- og greiðslugjöld	6.600 kr.
Upplýsingaöflun o.fl.	3.100 kr.
Aðfararbeiðni	12.800 kr.
Ritun greiðsluáskorunar	12.800 kr.
Birting greiðsluáskorunar	5.300 kr.

Vextir af kostnaði	1.252 kr.
Innborgun	<u>-182.514 kr.</u>
Samtals	115.075 kr.
Fjárnámsgjald í ríkissjóð	<u>13.000 kr.</u>
Heildarsamtala	128.075 kr.

Sóknaraðili var boðaður til aðfarargerðarinnar og var gert ráð fyrir að fjárnámsbeiðnin yrði tekin fyrir 28. janúar 2025 fyrir eftirstöðvum skuldarinnar. Þegar beiðnin var tekin fyrir hjá sýslumanni þann dag námu eftirstöðvar skuldarinnar 170.551 krónu ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Til þess að koma í veg fyrir fjárnámið ákvað sóknaraðili að greiða kröfuna. Hann lýsti því jafnframt yfir að hann teldi aðfarargerðina ólögmeta og að hann hygðist krefjast úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um gildi aðfararbeiðni varnaraðila.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumanns 28. janúar 2025 er gerðinni lýst nánar þannig að sóknaraðili hafi mótmælt kröfu varnaraðila þar sem hann hefði greitt þann hluta kröfunnar sem hann taldi rétta fjárhæð. Þessu hafi varnaraðili mótmælt og krafðist þess að fjárnámið næði fram að ganga. Féllst sýslumaður á sjónarmið varnaraðila og ákvað að gerðinni yrði fram haldið. Var þá skorað á sóknaraðila að greiða kröfuna. Ákvað sóknaraðili að greiða kröfuna, en lýsti því jafnframt yfir að eftirstöðvar kröfunnar greiddi hann með fyrirvara um lögmati hennar. Segir í endurriti sýslumanns að fjárnáminu hafi þannig verið lokið með því að sóknaraðili greiddi kröfu varnaraðila. Lýsti fyrirvarsmáður sóknaraðila því jafnframt yfir að hann hygðist bera gerðina undir dóm í því skyni að fá hana fellda niður.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að krafa varnaraðila hafi verið að fullu greidd þegar hið kærða fjárnám fór fram. Hafi því ekki verið til staðar krafa í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og því hafi borið að hafna því að aðför færi fram hjá sóknaraðila. Ákvörðun sýslumanns „um að aðför færi fram“ hafi því verið röng og ólögmet og beri því að fallast á kröfu sóknaraðila um að fella úr gildi aðfarargerð nr. 2024-080600 sem fram fór þann 28. janúar 2025.

Sóknaraðili byggir jafnframt á því að þar sem krafa varnaraðila um fjárnám byggist á lögtaksrétti verði að gera sérstakar kröfur til skýrleika kröfunnar og að hún sé ótvíræð enda hafi slíkar kröfur ekki verið dæmdar eða um þær samið áður en til aðfarar komi.

Kröfu sína um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi til varnaraðila við framkvæmd aðfarargerðarinnar byggir sóknaraðili á því að krafa hans hafi verið að fullu greidd. Varnaraðili hafi því ekki átt þá kröfu á hendur sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar sem hann þvingaði fram við framkvæmd hinnar ólögmetu aðfarargerðar.

Sóknaraðili bendir einnig á að undir rekstri málsins hafi honum borist tilkynning um inneign hjá varnaraðila sem sýni að upphafleg krafa varnaraðila hafi verið of há.

Um lagarök vísar sóknaraðili til innheimtulaga nr. 95/2008 og þá sérstaklega 7. gr. og 11. gr. laganna. Þá er vísað til laga nr. 90/1989 um aðför og þá sérstaklega 15. kafla laganna auk 14. kafla þeirra og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að því marki sem við á, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989. Hvað varðar málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989.

2. Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili byggir frávísunarkröfu sína á því að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá fellda úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að gera fjárnám hjá sóknaraðila. Með öðrum orðum hafi hann ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn um gildi fjárnámsgerðar sem aldrei hafi verið framkvæmd sökum þess að sóknaraðili greiddi kröfuna áður en fjárnáminu lauk. Þegar af þessum sökum beri að vísa kröfu sóknaraðila frá dómi.

Verði ekki fallist á frávísun byggir varnaraðili á því að hafna beri kröfum sóknaraðila. Varnaraðili hafnar málsástæðu sóknaraðila um að greiðsluáskorun sem birt hafi verið fyrir fyrirvarsmanni hafi verið fyrsta innheimtuviaðvörðun varnaraðila eins og sóknaraðili byggir á í greinargerð sinni. Varnaraðili leggi

fram með greinargerð þessari samtals 52 bréf sem send hafi verið á sóknaraðila vegna vanskila hans, bæði innheimtviðvaranir og innheimtubríf. Þau bréf hafi verið send í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008, sbr. einkum 7. gr. laganna, og hafi þau verið send á lögheimili sóknaraðila. Útilokað sé að ekkert þessara bréfa hafi skilað sér til sóknaraðila líkt og byggt sé á í greinargerð hans.

Í ljósi framangreinds telur varnaraðili að krafa hans hafi ekki verið að fullu greidd með greiðslu sóknaraðila 20. september 2024. Var sóknaraðila þá þegar kunnugt um að kröfur varnaraðila væru í innheimtu.

Um lagarök vísar varnaraðili til ákvæða laga nr. 90/1989, einkum 15. kafla laganna og 95. gr. þeirra, innheimtulaga nr. 95/2008 auk almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

III

Niðurstaða

Mál þetta er rekið fyrir dómnum á grundvelli 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laganna er aðilum að aðfarargerð heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um gerðina, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því að gerðinni var lokið. Umþrætt aðfarargerð var tekin fyrir hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 28. janúar 2025 og krafa sóknaraðila barst dómnum 24. mars s.á. Kröfunni er því beint til dómsins innan lögmæltis frests.

Ágreiningur málsins lýtur að gildi fjárnámsgerðar sem tekin var fyrir hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 28. janúar 2025 að kröfu varnaraðila, en fór þó ekki fram eins og síðar greinir. Var krafan tilkomin vegna vangoldinna rafmagnsreikninga sóknaraðila frá 2. mars 2023 auk áfallinna dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem fallið hafði til í tengslum við innheimtuaðgerðir varnaraðila.

Þegar aðfarargerðin var tekin fyrir hjá sýslumanni hinn 28. janúar 2025 tók sóknaraðili sjálfviljugur ákvörðun um að greiða alla kröfu varnaraðila til þess að afstýra því að fjárnám yrði gert í bifreið hans. Þegar þannig háttar til fer eiginlegt fjárnám ekki fram.

Dómsmál samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989 verður ekki rekið til að fá úrlausn um lögmæti aðfarargerðar nema henni hafi verið lokið, sbr. 1. mgr. 92. gr. laganna. Í ljósi þess er ekki hægt að beita málsóknarleiðinni í 15. kafla til að fá úrlausn um lögmæti kröfu ef fjárnámi hefur verið varnað með greiðslu kröfu eins og hér varð raunin.

Með vísan til þess er að framan greinir er kröfu sóknaraðila vísað frá dómi, sbr. 1. mgr. 25. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, ber sóknaraðila að greiða varnaraðila 500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Abíls ehf., er vísað frá dómi.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Orkusölnunni ehf., 500.000 krónur í málskostnað.